



Alþingi
Samgöngunefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 13. 5. 2008

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 69/2003 um
Póst- og fjarskiptastofnun, 522. mál (eftirlitsúrræði og málskot)**

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um um Póst- og fjarskiptastofnun. Frumvarpið felur í sér miklar breytingar á núgildandi reglum um úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum, sem starfar samkvæmt lögum nr. 69/2003.

Í fyrsta lagi mun samgönguráðherra tilnefnda alla nefndarmenn í stað Hæstaréttar. Í öðru lagi mun tilnefning nefndarmanna verða stytta úr 4 árum í 2 ár. Í þriðja lagi verður póst- og fjarskiptafyrirtækjum gert að greiða allan kostnað vegna nefndarinnar og í fjórða lagi mun Póst- og fjarskiptastofnun fá heimild til að skjóta úrskurðum nefndinnar til dómstóla og verður því aldrei bundið af úrskurðum hennar.

Samkvæmt núgildandi lögum tilnefnir Hæstiréttur Íslands alla nefndarmenn í úrskurðarnefndina. Þetta var ákveðið árið 1996 til að tryggja sjálfstæði nefndarinnar gagnvart stjórnvöldum, þannig að í nefndina veldust hlutlausir og hæfir nefndarmenn. Þetta fyrirkomulag á vali manna í mikilvægar úrskurðarnefndir er viðhaft þar sem þýðingarmikið er að hlutleysi og sjálfstæði nefndarmanna í störfum sé hafið yfir allan vafa. Hæstiréttur Íslands tilnefnir t.a.m. alla nefndarmenn til setu í kærufnd jafnréttimála og einnig í áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Verkefni úrskurðarnefndar um póst- og fjarskiptamál eru sambærileg við störf þessara tveggja úrskurðarnefnda. Mikilvægir hagmunir einstaklinga og fyrirtækja eru í húfi. Þau rök sem færð eru í frumvarpinu fyrir breytingu á tilnefningu í úrskurðarnefndina, þ.e. breytt eignarhald á Símanum, að ríkið sé ekki lengur eigandi fjarskiptafyrirtækisins, réttlætir ekki þessa grundvallarbreytingu á tilnefningu nefndarmanna.

Frumvarpið felur þannig í sér að ráðherra mun tilnefna alla nefndarmenn og tilnefning þeirra verður stytta úr 4 árum í 2 ár. Með þessum breytingum á lagaumgjörð úrskurðarnefndarinnar fær ráðherra í raun alræðisvald, hann skipar í nefndina án tilnefninga og getur jafnframt á kjörtímabili sínu sem ráðherra sett "ópæga" nefndarmenn úr úrskurðarnefndinni. Það er sérkennilegt að sjá því haldið fram í greinargerð frumvarpsins að þetta tvennt, þ.e. stytting á tilnefningartíma nefndarmanna og að ráðherra skipi nefndarmenn beint án tilnefningar utanaðkomandi aðila, skapi nefndarmönnum aukið kostnaðarlegt aðhald. Þessar breytingar leiða eingöngu til þess úrskurðarnefndin verður ekki lengur sjálfstæð og óháð ráðherra og það skapar þá hættu að úrskurðir nefndarinnar verði hlutdrægir.

Fullyrt er að með því að draga úr kostnaði vegna starfa úrskurðarnefndarinnar miði þessar breytingar eingöngu að sparnaði og ráðdeild í ríkisrekstri. Þessi rök eru léttvæg því ljóst er að kostnaður vegna úrskurðarnefndarinnar, u.þ.b. 14 m. kr. sl. 2 ár, árið 2006 og 2007, telst ekki mikill miðað við umfang mála og mikilvægi úrskurðanna fyrir atvinnulífið.



Tillögur frumvarpsins fela einnig í sér að fjarskiptafyrirtækum og póstrekendum verður gert að greiða allan kostnað af starfi úrskurðarnefndarinnar skjóti þeir ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar til hennar. Nefndin sjálf mun ákveða kostnaðinn hverju sinni í úrskurðum sínum. Samkvæmt gildandi lögum er ekkert gjald greitt vegna málsskota eins og almennt gildir í stjórnslunni, þar sem sjálfsstæðar úrskurðarnefndir starfa. Hins vegar verður ekki heimilt að krefja notendur Póst- og fjarskiptastofnunar eða Póst- og fjarskiptastofnun um neitt gjald. Póst- og fjarskiptastofnun þarf því samkvæmt frumvarpinu ekki að greiða kostnað fyrirtækja vegna málskotsins, þótt úrskurðarnefndin komist að þeirri niðurstöðu að Póst- og fjarskiptastofnun hafi brotið lög eða reglur, sem hún á að starfa eftir. Þetta fær ekki staðist og hlýtur að teljast vera brot á jafnræðisreglum stjórnslulaga.

Samkvæmt frumvarpinu mun Póst- og fjarskiptastofnun fá heimild til að skjóta úrskurðum þessarar nýju ráðherraskipuðu úrskurðarnefndar til dómstóla. Þetta er í andstöðu við þá meginreglu stjórnslulaga að lægra sett stjórnvald verði að una úrskurði æðra stjórnvalds. Þessi lagabreyting er einnig sérkennileg í ljósi þess að allir nefndarmenn verða valdir af samgönguráðherra. Póst- og fjarskiptastofnun mun því geta virt úrskurði nefndarinnar að vettugi kjósi hún það. Það er sérkennilegt að lesa þann rökstuðning í frumvarpinu að þetta nýmæli leiði til jafnræðis aðila máls og ætti að geta leitt til vandaðri úrlausna úrskurðarnefndar ef nefndarmenn eru meðvitaðir um að Póst- og fjarskiptastofnun geti einnig skotið úrskurðum nefndarinnar til dómstóla. Með þessum rökstuðningi virðist gefið skyn að úrskurðir úrskurðarnefndarinnar, sem er þó sjálfstæð og óháð enda tilnefnd af Hæstarétti hafi verið óvandaðir og jafnvel hlutdrægir. Samtök atvinnulífsins vilja í þessu sambandi benda á að nýlega gerði PWC rekstarúttekt á Póst- og fjarskiptastofnun, að beiðni samgönguráðuneytisins, en sú úttekt er ekki lögð fram með frumvarpi þessu.

Það dylst engum sem les lagafrumvarp þetta að ætlunin er að veikja úrskurðarnefndina og gera það nánast tilgangslaust og mjög kostnaðarsamt fyrir atvinnulífið að skjóta þangað ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar. Verði frumvarpið að lögum verður sjálfstæð og óháð úrskurðarnefnd í raun lögð niður. Fyrir tæplega þremur árum, árið 2005, lagði samgönguráðuneytið fram frumvarp sem fól í sér að úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum yrði lögð niður en úrskurðir Póst- og fjarskiptastofnunarinnar yrði kæránlegir til ráðuneytisins. Það frumvarp náði ekki fram að ganga vegna andstöðu atvinnulífsins.

Samtök atvinnulífsins eru alfarið á móti framangreindum tillögum frumvarpsins, sem snúa að breytingum á lagaumgjörð úrskurðarnefndarinnar. Tillögurnar eru til þess fallnar að veikja tiltrú atvinnulífsins á nefndinni og grafa undan hlutleysi hennar í störfum. Það er mikilvægt og nauðsynlegt að áfram starfi sjálfsstæð og óháð úrskurðarnefnd í Póst- og fjarskiptamálum, eins og verið hefur frá 1996.

Virðingarfyllst,

Jón R. Pálsson

Ásetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is